

DYNICE

OPTICAL DATA

Gagnaflutningur
Á LJÓSHRAÐA

HAMPIÐJAN

– Veifaræri eru okkar fag

Hegðun höfuðlínukapals á togi

Það eru þrjár meginkraftar sem hafa áhrif á höfuðlínukapal við togveiðar.

Einn þeirra er sjóþungi stálkapalsins. Hann sekkur því undan eigin þunga og leitar niður á við. Annar er viðnámi stálkapalsins þegar hann er dreginn í sjónum. Sá þriðji er spilátakið sem þarf til að halda kaplinum strekknum og halda höfuðlínustykkinu uppi.





Þegar átak á kapalvindu hefur verið stillt rétt þá strekkist á kaplinum. Ef notaður er stálvír þá sveigist hann niður á við undan eigin þunga.

DynIce Optical Data hefur svipaðan halla en sveigist upp á við vegna þess hve léttur kapallinn er í sjónum og viðnámið ýtir honum upp og aftur.

Ef of mikið slakast út af stálhöfuðlínukapli þá leitar hann niður á við og getur þá rekist utan í togvíra og hlera í beygjum og jafnvel farið í eða undir trollið og skemmt veiðarfærið. Við þessar aðstæður getur stálkapallinn skaddast eða slitnað við átökin að ná honum aftur um borð í skipið.

DynIce Optical Data kapallinn er það léttur að hann leitar upp á við og þá ofan við veiðarfærið.

DynIce Optical Data höfuðlínukapallinn fer því ekki í gegnum fiskitorfur fyrir framan veiðarfærið með tilheyrandi fælingu og aflamissi.



DYNICE

OPTICAL DATA

Gagnaflutningur á ljóshraða

Ótakmarkaður gagnaflutningur á ljóshraða frá trollsónar upp í brú

Hampiðjan hefur gjörbylt möguleikum á upplýsingaflæði frá veiðarfæri með þróun á Dynlce Optical Data höfuðlínukapli sem hefur þrjá ljósleiðara og getur flutt nánast ótakmarkað magn gagna.

Dynlce Optical Data er einnig með hefðbundna co-axial rafleiðara sem nota má til að flytja raforku fyrir mælitæki og búnað.

Dynlce Optical Data opnar nær endalaus nýja möguleika á tæknivæðingu veiðarfæra þar sem ekki er lengur takmörkun á gagnaflutningi milli skips og veiðarfæris.

Þetta opnar möguleika á að nýta háupplausnar fjölgeislasónar og neðansjávarmyndavélar, ásamt fiskgreiningartækjum og fiskflokkunarkerfum – og það allt á sama tíma.

Hver ljósleiðari getur flutt allt að 10 Gb/s í báðar áttir á sama tíma sem er 200.000 sinnum meira en hefðbundinn höfðulínukapall.

Venjuleg kvikmynd í fullum gæðum er um 2 GB og því tæki einungis 1,6 sekúndu að flytja hana eftir einum af þremur ljósleiðurum Dynlce Optical Data.

Dynlce Optical Data byggir á grunni Dynlce Data og eru ljósleiðaraþræðirnir staðsettir þannig í kaplinum að þeir þoli tognun og hafi nægan styrk en á sama tíma lágmarka gagnaþap.

Dynlce Optical Data sækir styrk sinn í Dyneema ofurþræðina og fyrir vikið er kapallinn mjög léttur eða aðeins 0,029 kg/m í sjó.

Dynlce Optical Data					
Heildarþvermál	Slitþol ósplæst	Örugg lyftigeta við 5:1	Eðlisþyngd	Þyngd kapals í lofti	Þyngd kapals í sjó
mm	tonn	tonn	kg/dm ³	kg/m	kg/m
15,5	7,5	1,4	1,31	0,250	0,029

3 x ljósleiðari	3 x 10 Gb/s
Rafleiðari	2,19 mm ²
Rafleiðarakápa með 95% þekjun	4,17 mm ²
Viðnám leiðara	11,0 ohm/km
Viðnám kápu	5,7 ohm/km
Hámarksspenna	400 V
Hámarksstraumur	1.5 A @ 20°C ambient 1.0 A @ 40°C ambient
Mode	Single Mode
Bylgjulengd	1310-1550

Dynlce Optical Data er einkaleyfisvarið af nokkrum einkaleyfisumsóknum.

Dynlce Optical Data er þróað með styrk frá íslenska tækniþróunarsjóðnum.



SAMANBURÐUR Á DYNICE OPTICAL DATA OG STÁLVÍR

Samanburður á eiginleikum

Stálkapall:

- ryðgar
- 2.000 m loftþyngd er 880 kg
- þyngd 2.000 m í sjó er 676 kg
- eðlisþyngd 4,47
- getur skemmt troll og Dynlce Togtaugar
- endist í um 1-2 ár

Dynlce Data:

- ryðgar ekki
- 2.000 m loftþyngd er 326 kg
- þyngd 2.000 m í sjó er 76 kg
- eðlisþyngd 1,35
- skemmir ekki troll eða Dynlce Togtaugar
- endist í 4 ár eða lengur

Dynlce Optical Data:

- ryðgar ekki
- 2.000 m loftþyngd er 500 kg
- þyngd 2.000 m í sjó er 58 kg
- eðlisþyngd 1,31
- skemmir ekki troll eða Dynlce Togtaugar
- endist í 4 ár eða lengur



HAMPIÐJAN

- fyrir öll heimsins höf

www.hampidjan.is